

**Eftirlit, viðurlög og gildistaka.**

9. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

10. gr.

Um mál er rísa kunna út af brotum á reglum þessum fer að hætti opinberra mála. Um viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi fyrir samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Höfð er hliðsjón af ákvæðum 4. tl., XV. kafla, II. viðauka sammingsins um Evrópskt efna-hagssvæði (tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnisýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efna-blandna, eins og henni er breytt með tilskipunum 79/663/EBE, 82/806/EBE, 83/264/EBE, 89/677/EBE, 94/48/EB og 97/64/EB).

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 694/1994, um takmörkun við framleiðslu, notkun og innflutningi leikfanga, skrautmuna og spaug- eða gabbvarnings sem innihalda tiltekin efni.

*Umhverfissráðuneytinu, 16. september 1999.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Magnús Jóhannesson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 671/1997 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra.**

1. gr.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fengnum meðmælum yfirdýralæknis að veita almenna undanþágu í allt að eitt ár frá ákvæðum 2. ml. 13. tl. 10. gr. samkvæmt nánari skilyrðum sem yfirdýralæknir setur.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991 ásamt síðari breytingum, lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998 og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. september 1999.*

**Guðni Ágústsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*